

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979 með síðari breytingum.

1. gr.

Við 10. gr. o-staflið, I tölulið bætist eftirfarandi:

„Afmældir skammtar (töflur), sem innihalda 1 g af acetylsalicýlsýru: Gefið ekki börnum yngri en 12 ára. Venjulegur skammtur handa fullorðnum og börnum eldri en 12 ára er 1 skammtur (1 tafla) í senn, mest þrisvar sinnum á sólarhring.“

2. gr.

Viðauki I, um undanþágu varðandi lausasölu acidum acetylsalicylicum hljóði svo:

Lyf eða lyfja-samsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Acidum acetyl-salicylicum	Lyf í afmældum skömmtum	Einstakir skammtar mest 1 gr. Áletrun: Sjá 10 gr. I og II töluliði, o-stafliðs	

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. mars 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingolf J. Petersen.

2. apríl 1986

REGLUGERÐ

Nr. 176

um breytingu á reglugerð nr. 578/1982 um námslán og námsstyrki.

1. gr.

21. gr. stafliður a) orðist svo:

Framfærslukostnaður á námsstað, sem breytist að öðru jöfnu með þróun verðlags og gengis. Sjóðsstjórn fylgist einnig með því hvernig þessar tölur þróast í samanburði við launatekjur. Frá og með desember 1985, skulu lánsviðmiðanir sjóðsins til námsmanna á Íslandi vera jafnháar og á tímabilinu september/nóvember 1985. Á hverju þriggja mánaða tímabili skulu lánsviðmiðanir til námsmanna erlendis ákvarðast með hliðstæðum hætti og lán til námsmanna á Íslandi, að teknu tilliti til gengis og verðbreytinga á Íslandi og í viðkomandi námslandi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 2. apríl 1986.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.